

Úrskurður
úrskurðarnefndar fjarskipta-og póstmála
í máli nr. 2/2015

Kæra Snerpu á ákvörðun PFS nr. 34/2014

I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með kæru, dags. 22. desember 2014, hefur Snerpa ehf. kært ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 34/2014, dags. 11. desember 2014, um aðgangsbeiðni Snerpu að götuskápum Mílu.

Í hinni kærðu ákvörðun var kveðið á um að í beiðni kæranda um aðgang að heimtaugum í götuskáp Mílu ehf. við Stórholt á Ísafirði hafi jafnframt falið beiðni um aðgang að milliskápatengingum í heimtaugar í götuskápum við Sunnuholt, Móholt, Lyngholt og Kjarrholt. Jafnframt var kveðið á um að beiðni kæranda um milliskápatengingu úr götuskáp við Stórholt um götuskáp við Sunnuholt yfir í götuskáp við Móholt annars vegar og beiðni Snerpu um milliskápatengingu úr götuskáp við Stórholt í götuskáp við Lyngholt og þaðan yfir í götuskáp við Kjarrholt hins vegar teldust ekki vera sanngjarnar og eðlilegar aðgangsbeiðnir í skilningi 28. gr. fjarskiptalaga. Míla skyldi þó veita kæranda fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) frá viðeigandi nettengipunkti til þeirra notenda sem fæddir eru úr umræddum götuskápum við Móholt, Lyngholt og Kjarrholt.

Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála krafðist Míla þess að fá aðilastöðu í málinu.

Af hálfu kæranda er þess krafist að sá hluti hinnar kærðu ákvörðunar sem kveður á um að beiðni kæranda um milliskápatengingu úr götuskáp við Stórholt um götuskáp við Sunnuholt yfir í götuskáp við Móholt annars vegar og beiðni kæranda um milliskápatengingu úr götuskáp við Stórholt í götuskáp við Lyngholt og þaðan yfir í götuskáp við Kjarrholt hins vegar teldust ekki vera sanngjarnar og eðlilegar aðgangsbeiðnir í skilningi 28. gr. Fjarskiptalaga verði felld úr gildi. Kærandi hefur jafnframt efasemdir um aðild Mílu að málinu.

II. Helstu málsatvik

Kærandi óskaði eftir aðgangi að götuskáp Mílu við Stórholt (SK4514) í efri hluta Holtahverfis á Ísafirði og var sá aðgangur veittur. Deilt er um í máli þessu hvort að umrædda aðgangsbeiðni kæranda að götuskáp við Stórholt hafi jafnframt falið í sér beiðni um aðgang að milliskápalínum úr umræddum skáp í fjóra aðra götuskápa í hverfinu, þ.e. við Sunnuholt (SK4497), Móholt (SK4475), Lyngholt (SK4487) og Kjarrholt (SK4493). Bæði kærandi og Míla hafa uppi áform um að VDSL væða umræddan

hverfishluta og hefur kærandi nú þegar gert það varðandi þær heimtaugar sem tengjast Stórholtsskápnum. Míla hafi ennfremur sett upp nýjan götuskáp (SK15130) í umræddu hverfi sem lið í VDSL væðingu félagsins.

Við rekstur málsins hjá úrskurðarnefnd krafðist Míla þess eins og áður segir að fá aðilastöðu og verður úrskurðað um þann þátt málsins hér.

III. Helstu sjónarmið Mílu, kæranda og PFS

1.

Með bréfi dags. 13. apríl 2015 krefst Míla þess að njóta aðilastöðu fyrir úrskurðarnefndinni. Hin kærða ákvörðun hafi verið tekin í tvíhliða ágreiningsmáli milli Mílu annars vegar og kæranda (Snerpu) hins vegar. Af því leiði að hin kærða ákvörðun beinist jöfnum höndum að Mílu og kæranda. Í slíku tvíhliða ágreiningsmáli standi almennar reglur stjórnsluréttar til þess að báðir aðilarnir njóti óskoraðar aðildar að málinu á öllum stigum þess, þ.m.t. fyrir æðra stjórnvaldi sé málinu skotið þangað í heild eða að hluta og gildi þá einu hvor aðila á frumkvæði að málskotinu. Þá sé að mati Mílu ljóst að úrskurður í málinu muni beinast að fyrirtækinu, beint og óbeint, svo sem efni hinnar kærðu ákvörðunar beri með sér, en höfnun PFS á beiðni kæranda að því er tilgreinda skápa varðaði hafi m.a. verið reist á því að slíkt leiddi af sér milliheyrsluvandamál, skert forræði Mílu yfir koparlínukerfi félagsins, að tengingar yrðu til muna verri en ella, skert gagnaflutningsflæði o.fl.

Míla hafi því beinna, einstaklegra og lögvarða hagsmuni af því að láta fyrirbyggjandi kærsmål til sín taka og þar með njóta aðildar í því, þ.m.t. andmælaréttar á öllum stigum þess.

Míla hafi einnig fyrir sitt leyti kært afmarkaða þætti hinnar kærðu ákvörðunar og gerir ekki athugasemdir við það að kærandi (Snerpa) njóti jafnframt aðildar að kærumáli úrskurðarnefndar nr. 1/2015, þ.e. sem gagnaðili Mílu, enda verið ekki annað ráðið en að einstakir kæruliðir í því máli varði, og eigi rætur að rekja til samskipta Mílu og kæranda, a.m.k. að verulegu leyti.

2.

Í tölvupósti kæranda dags. 2. apríl 2015, furðar hann sig á því hversu seint Míla hafi óskað eftir að fá aðilastöðu í málinu og veltir fyrir sér hvort að aðgangsbæðninni sé ætlað að tefja fyrir úrlausn málsins. Mílu hafi verið kunnugt frá fyrsta degi um áfrýjun kæranda enda hafi félaginu verið tilkynnt um hana. Í reglugerð nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd komi fram að nefndinni beri að jafnaði að kveða upp úrskurð innan 12 vikna en sá frestur hafi unnið út 1. apríl sl.

Að mati kæranda sé málið hvorki flókið né viðamikið og verði því ekki séð að hægt verði að veita kæranda aðilastöðu þar sem fyrir séð sé að slíkt muni tefja enn frekar úrlausn þess. Beiðni kæranda um aðgang að heimtaugum Mílu í umræddum götum hafi þurft að bíða síðan 29. ágúst 2014 (7 mánuði) og á meðan geti kærandi ekki nýtt fjárfestingar sínar eins og fyrirhugað hafi verið.

Kærandi telur ekkert vera í gögnum málsins sem talist geti til trúnaðarupplýsinga.

3.

PFS telur eðlilegt að Míla fái að tjá sig um kæru kæranda þar sem Míla hafi verið aðili að umræddu máli á lægra stjórnarsýslustigi.

IV. Niðurstöður

Í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 36/2009 kemur fram að málsmeðferð úrskurðarnefndar skuli vera í samræmi við ákvæði 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Umrætt ákvæði laganna fjallar almennt um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Einnig segir í reglugerðinni að um meðferð mála hjá nefndinni fari að öðru leyti eftir VII. og VIII. kafla stjórnarsýslulaga og reglugerð þessari. VII. og VIII. kafli stjórnarsýslulaga fjalla um stjórnarsýslukæru annars vegar og stjórnarsýslunefndir hins vegar.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar og gefur nefndin þá málsaðilum, Póst- og fjarskiptastofnun og öðrum þeim sem nefndin telur beinna, verulegra og lögvarinna hagsmuna hafa að gæta af niðurstöðu máls kost á að tjá sig skriflega um efni kærunnar innan hæfilegs frests, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Óumdeilt er að kærandi (Snerpa) er aðili máls en ákvæði stjórnarsýslulaga fá aðeins aðila máls þau réttindi sem löggin kveða á um. Aðili máls hefur t.a.m. rétt á að kynna sér gögn máls og tjá sig um þau áður en ákvörðun er tekin. Hugtakið aðili máls er ekki skilgreint í stjórnarsýslulögum. Hins vegar má sjá í greinagerð með frumvarpi til stjórnarsýslulaga að stuðst er við almenna skilgreiningu stjórnarsýsluréttarins. Aðilahugtakið ber að skýra rúmt og er þá ekki einungis átt við þá sem eiga beina aðild að máli heldur einnig þá sem eiga óbeina hagsmuni. Sé vafi á því hverjir séu aðilar máls er lagt mat á hagsmuni og tengsl viðkomandi við úrlausn málsins á grundvelli þess hvort viðkomandi eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta. Aðili máls á því beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta.

Liggur því fyrir að meta hvort hagsmunir Mílu séu þess eðlis að þeir uppfylli skilyrðin um aðilastöðu.

Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að kærandi hafi kvartað til PFS vegna synjunar Mílu um aðgang hans að tilteknum götuskápum en fyrirtækin bjóði bæði upp á þjónustu sína

á þessu svæði. Synjun Mílu hafi verið rökstudd með því að aðgangur kæranda gæti valdið milliheyrslu sem myndi skerða gæði þjónustu Mílu. Í ljósi þess hefur Míla að mati úrskurðarnefndar beinna og verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins.

Í ljósi þess að niðurstaða úrskurðarnefndar um aðgangsbeiðni kæranda getur haft veruleg áhrif á kerfisuppbyggingu og þjónustu Mílu á þessum markaði hefur Míla að mati úrskurðarnefndar sérstakra og lögvarða hagsmuna að gæta í málinu.


Að teknu tilliti til alls ofangreinds er það mat úrskurðarnefndar að Míla eigi beina, verulega, sérstaka og lögvarða hagsmuna að gæta við úrlausn úrskurðarnefndar á kæru Snerpu á ákvörðun PFS nr. 34/2014 og teljist Míla því aðili þess máls.


Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2008 um Póst- og fjarskiptastofnun.

V. Úrskurðarorð


Míla skal teljast aðili að máli er varðar kæru Snerpu ehf. á ákvörðun PFS nr. 34/2014 til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 21. apríl 2015


Gunnar Þór Pétursson



Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir


Kirstín P. Flygenring